

nægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádrögnum hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrár, þegar breytingin fer fram.

#### IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 2 000.00 sé um ítrekun að ræða.
2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 2 000.00 á skrifstofu rafveitunnar.

#### V. BREYTINGAR Á GJALDSKRÁ

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau, sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.

#### VI. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur 20%, ásamt 13% verðjöfnunargjaldi, er innifalinn í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. nóvember og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 339 27. ágúst 1976.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. október 1977.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

## G J A L D S K R Á

### Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

**Lýsing.**

Verð á rafmagni til lýsingar er sem hér segir:

2.1 Kr. 22.58 hver kWst.

2.2 Kr. 91 644.00 hvert árskilowatt í uppsettu afli til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjörnast af ljósnemabúnaði Rafmagnsveitunnar. Auk orkukostnaðar er allur eðli-

legur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu.

**3. gr.**  
**Heimili o. fl.**

Verð á rafmagni til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum, elliheimilum og hliðstæðum stofnunum, til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum og til súgþurrkunar á heyi, er sem hér segir:

3.1 Kr. 16.52 hver kWst. Lágmarksgjald er 826.00 kr. á ársfjórðungi.

**4. gr.**  
**Vélar.**

Verð á rafmagni til vélanotkunar er sem hér segir:

4.1 Kr. 22.58 hver kWst.

4.2 Kr. 5.12 hver kWst. og kr. 12 502.00 hvert árskilowatt samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafli 30 kW.

4.3 Kr. 34.71 hver kWst. til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og breytingar á eldri mannvirkjum.

**5. gr.**  
**Hitun.**

Verð á rafmagni til hitunar er sem hér segir:

5.1 Kr. 5,69 hver kWst. til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og kr. 7,56 hver kWst. til annarrar hitunar. Heimilt er að krefjast lágmarksgjald kr. 75 600.00 á ári.

5.2 Kr. 3,29 hver kWst. til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og kr. 4,38 hver kWst. til annarrar hitunar. Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar sinnum á sólarhring, allt að tveim klukkustundum í hvort skipti.

5.3 Kr. 1,92 hver kWst. til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og kr. 2,56 hver kWst. til annarrar hitunar. Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl. 9.00—21.00.

5.4 Kr. 3,41 hver kWst. á tímabilinu kl. 22.00—9.00 og kr. 14,46 hver kWst. á tímabilinu kl. 9.00—22.00 samkvæmt tvígjaldsmælingu.

**6. gr.**  
**Mælaleiga o. fl.**

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa .....	kr. 550
Orkumælir, þrífasa .....	— 2 210
Orkumælir, þrífasa með straumspennum .....	— 3 720
Aflmælir .....	— 3 590
Aflmælir með straumspennum .....	— 5 660
Tvígjaldsorkumælir .....	— 3 590
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum .....	— 5 660
Móttökuliði, einpóla .....	— 2 480
Móttökuliði, þrípóla .....	— 3 590

Leiga skal þó ekki greidd af tækjum, sem notuð eru við rafmagnssölu samkvæmt lið 3.1.

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Leiga skal greidd samtímis rafmagnsgjaldi.

### 7. gr.

#### Heimtaugar.

- 7.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.
- 7.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

#### Aðalheimtaugar.

- 7.3 Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A), málraun (kVA)		Stofngjald kr.	Lengdargjald <sup>1)</sup> kr./m
63A	1-fasa	111 700	Innifalið
63A	3-fasa	120 600	—
100A	—	143 300	—
200A	—	231 000	—
315A	—	481 400	—
300kVA	—	672 800	Skv. kostnaði
500kVA	—	1 123 000	—
800kVA	—	1 795 800	—

#### Bráðabirgðaheimtaugar.

- 7.4 Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur		Stofngjald kr.	Lengdargjald <sup>1)2)</sup>	
			Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./stólpa
63A	1-fasa	19 800	2 950	37 300
63A	3-fasa	27 800	2 950	43 400
100A	—	29 500	3 800	49 700

A merkir málmstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sérspennistöð er að ræða.

- 7.5 Séu aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
- 7.6 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útítengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lögð frá útítengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafmagnsveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

7.7 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loflínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.

#### 8. gr.

##### Ýmis ákvæði.

Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja háspennt rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

#### 9. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

#### 10. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur Rafmagnsveitunnar standi undir rekstrar-gjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skulu ætíð liggja fyrir áætlanir um rekstur og fjárfestingar á næsta 5 ára tímabili.

#### 11. gr.

Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrar-tíma Rafmagnsveitunnar, og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald 1000 kr.

#### 12. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem land-tengingu skipa, skal greiða gjald 2400 kr.

#### 13. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald 2400 kr. fyrir, að settur sé straumur á að nýju.

#### 14. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt 5. grein er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi Rafmagnsveitunnar.

#### 15. gr.

Sölugjald 20% og verðjöfnunargjald 13%, samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

#### 16. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tengund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, samkv. reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur

nr. 5 10. janúar 1939 til að taka gildi 1. nóvember 1977 og birtist til eftirbreytni öllum er hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 6, 5. janúar 1977.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. október 1977.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

Nr. 369.

26. október 1977.

## G J A L D S K R Á

### Rafveitu Sauðárkróks.

#### I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

##### 1. Lýsing.

- 1.1. Til almennrar lýsingar, um kwst. mæli:  
Mælisleiga samkvæmt kafla II.  
Orkugjald ..... kr. 65.00 á kWst.
- 1.2. Til almennrar lýsingar um kwst. mæli:  
Mælisleiga samkvæmt kafla II.  
Orkugjald ..... — 23.30 á kWst.  
Fastagjald af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal:  
Verslanir, skrifstofur, vinnustaðir o. þ. h. .... — 344.00 á m<sup>2</sup> á ári  
Geymslur og gangar þeim tilheyrandi ..... — 114.00 á m<sup>2</sup> á ári
- 1.3. Til hafnarlýsingar um kwst. mæli:  
Mælisleiga samkvæmt kafla II.  
Orkugjald ..... — 18.80 á kWst.
- 1.4. Raforku til ljósa í beituskúrum má selja án mælis .. — 48 450.00 árskW.  
enda sé spennan 32 volt og skriflegur samningur gerður um notkunina.

##### 2. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1. Um kwst. mæli þannig reiknað:
  - a. Orkugjald af allri notkun ..... kr. 14.80 á kWst.
  - b. Fastagjald af hverju herbergi ..... — 125.00 á mán.

Við útreikning á herbergjagjöldum, skal telja öll herbergi sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m<sup>2</sup>, eða minna, reiknast hálf, en 25 m<sup>2</sup> eða stærra, tvö.

##### 3. Vélanotkun.

- 3.1. Um kwst. mæli:  
Mælisleiga samkvæmt kafla II.  
Orkugjald ..... kr. 37.70 á kWst.

Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja raforku til lýsingar, og reiknast þá að auki fermetragjald af gólfleti eftir sömu reglum og gilda um líð 1.2., en er þriðjunglægra.